



3. KONUNGSVALDIÐ STYRKIST

Markmið

Að nemandi átti sig á

- að konungsvaldið styrktist á fyrstu öldum nýaldar;
- að Danakonungur kom á einokunarverslun á Íslandi;
- að einungis þegar Danakonungs gátu sótt um verslunarleyfi;
- að Danmörk var einveldi um tíma;
- að helstu völd landsins voru áfram í höndum íslenskra stórbænda.

Kennsla

Gera þarf nemendum grein fyrir að ríkisvaldið styrktist jafnt og þétt á nýöld og styrkti það yfirleitt stöðu konunga í Evrópu (England var undantekning en þar fékk þingið aukin völd á kostnað konungs). Margir konungar gerðust einvaldar á 17. öld og var Danakonungur þar á meðal. Einveldið var í raun embættismannaveldi sem gerði auknar kröfur til þegna sinna en dró einnig úr valdi aðalsmanna og höfðingja. Ísland laut einveldi konungs en það breytti því ekki að völd og auður voru að mestu í höndum íslenskra stórbænda.

Skýra skal fyrir nemendum að Danakonungur kom á einokunarverslun á Íslandi svo að hann gæti stjórnað verslun í ríki sínu og haft af henni sem mestar tekjur. Þar sem Íslendingar sóttust ekki eftir að stunda verslun var hún í höndum danskra kaupmanna og rann allur hagnaður hennar til Danmerkur. Íslendingar voru óánægðir með að geta ekki verslað við hvern sem var en konungur reyndi að bæta hag landsmanna með því að setja kaupmönnum reglur sem tóku að vissu marki mið af hagsmunum Íslendinga.

Umræður

- Hversu mikil voru völd konungs og hvernig skyldu þau hafa breyst með tímanum?
- Hvað er einveldi? Gat einn konungur stjórnað heilu ríki einn?
- Hver/hverjir skyldu hafa ráðið mestu á Íslandi?
- Hvað er einokun? Af hverju vildi konungur hafa einokunarverslun á Íslandi?
- Hvað er gott og hvað er vont við einokun í verslun?
- Hvernig fóru viðskiptin fram og hvaða vörur var verslað með?
- Af hverju gerðust Íslendingar ekki sjálfir kaupmenn?
- Hvernig tengist ljóðið á bls 27 efni kaflans?



VERKEFNI

Ritun

- Skrifaðu frétt af Kópavogsfundinum. Ímyndaðu þér að þú hafir tekið viðtal við nokkra fundarmenn og láttu sjónarmið þeirra koma fram. Endaðu fréttina á því hvað þér finnst um þau sjónarmið sem fram komu.
- Ímyndaðu þér að þú sért íslenskur bóndi og þurfir að versla við tiltekinn kaupmann. Skrifaðu frásögn af því hvað þér finnst um þá verslunarhætti sem voru í landinu á dögum einokunar.
- Ímyndaðu þér að þú sért danskur kaupmaður. Skrifaðu frásögn af viðskiptum þínum við íslenska bændur. Hafðu sérstaklega í huga kvartanir kaupmanna.
- Ímyndaðu þér að þú sért danski kóngurinn. Dag einn skrifaði konungur hugleiðingar um Ísland þar sem viðhorf hans til lands og þjóðar komu vel fram. Það er þitt að ákveða hvað hann skrifaði.

Myndmennt

- Teiknaðu mynd eða myndasyrpu af Kópavogsfundinum.
- Teiknaðu myndasyrpu eða gerðu veggspjald þar sem einokunarversluninni er lýst. Gættu þess að láta sjónarmið konungs, kaupmanna og Íslendinga koma fram eins og þú sérð þau fyrir þér. Þetta mætti gjarnan gera að hópverkefni.

Kort

- Aflaðu þér upplýsinga um breytingar sem urðu á stærð danska ríkisins frá 1520-1900 og merktu þær inn á kort. Þú getur notað sér liti fyrir þau svæði sem Danir héldu bara tímabundið og töpuðu með tímanum. Láttu ártöl eða tímabil koma fram eftir því sem við á.

Tímaás

- Aflaðu þér upplýsinga um helstu ártöl í danskri sögu frá 1520–1900 og merktu inn á tímaásinn.
- Aflaðu þér upplýsinga um danska konunga frá 1520–1900 og merktu þá inn á tímaásinn sem þér sýnist helst tengjast íslenskri sögu.

Leikræn tjáning

- Nemendur búa til leikpátt þar sem Kópavogsfundinum eru gerð skil.